

**Landbótasjóður Fljótsdalshrepps
Ársskýrsla stjórnar 2013**

Skýrsla stjórnar

Stjórn Landbótasjóðs er í dag skipuð eftirfarandi stjórnarmönnum:

Lárus Heiðarsson Formaður, Droplaugarstöðum
Sigmar Ingvason Ritari, Valþjófsstað 1
Eiríkur Kjerúlf Gjaldkeri, Arnheiðarstöðum

Stjórn sjóðsins fundaði 3 sinnum á árinu. Alls bárust 11 umsóknir um landbætur í sjóðinn og voru allar samþykktar. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins voru á árinu til ráðstöfunar 6.688.874 kr.. Umsóknir voru talsvert umfram þá upphæð eða rúmlega 8,8 milljónir króna. Stjórnin ákvað að haga úthlutun með eftirfarandi hætti: Enginn styrkur verði hærri en 756.000 krónur. Allar umsóknir sem námu hærri fjárhæð en það skertust við þá upphæð. Fyrir umsóknir sem námu hærri fjárhæð en 300.000 kr (en náðu ekki 756.000 kr.) skerðist styrkur þannig að 30% eru dregin af þeim hluta upphæðarinnar sem er umfram þá tölu. Tekið er fram að þessi úthlutunarregla gildir aðeins fyrir þetta ár, en haga verður úthlutun hverju sinni eftir því fjármagni sem er til ráðstöfunar og þeim umsóknum sem berast. Þessi ársskýrsla er sú síðasta sem að þessi stjórn sendir frá sér, en skipuð verður ný stjórn eftir sveitastjórnarkosningar.

Úthlutun af fjármunum sjóðsins til landbóta og annars kostnaðar á árinu 2013 varð 6.235.405 kr. og skiptist sem hér segist:

Landbótaframlög	5.782.376
Laun og launatengd gjöld	127.697
Reikningsleg aðstoð	308.817
<u>Auglýsingar</u>	<u>16.515</u>
SAMTALS	6.235.405 kr.

Framkvæmdir 2013

Eftirfarandi 11 verkefni voru samþykkt:

- Vallholt. Sótt um styrk til styrkingar gróðurlendis, og stöðvun gróðureyðingar. Svæðin eru hálsinn ofan bæjar, Tófuaxlarháls og Fláar.
- Hrafnkelsstaðir. Sáning, fræ og áburður á Vallholtsháls og Gilsáreyri. Markmið, styrking fyrirbyggjandi gróðurs og auka beitarþol og til varnar uppblæstri.
- Arnheiðarstaðir. Svæðin eru neðan og ofan þjóðveggar. Áhersla lögð á svæðið í kringum Bolalæk. Áburðardreifing til styrkingar gróðurs.

- Melar. Svæðið er fyrir ofan bæ. Áburðardreifing til styrkingar staðargróðurs.
- Víðivellir fremri. Áburðargjöf til styrkingar staðargróðurs. Svæðið er í fjallshlíð ofan bæjar og eyrar við Kelduá. Sömu svæði og unnið var með 2012.
- Droplaugarstaðir. Dreifing úr gömlum heyrúllum í rofabörð og uppblásna mela ásamt sáningu grasfræs og áburðargjöf.
- Valþjófsstaður 2. Unnið var á bæjarhjalla, Vatnsleysu, melum á milli fjárhúsa og bæjar ásamt fleiri svæðum. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf ásamt sáningu.
- Bessastaðagerði. Rýrir melar fyrir ofan bæ. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.
- Eyrarland. Styrking staðargróðurs og uppgæðsla mela og ógróins lands í neðsta hluta fjallsins.
- Víðavallagerði. Fræ og áburðardreifing á lítt gróna mela í fjallinu fyrir ofan bæinn (Neðsti-, Kollótti-, Efsti- og Langimelur) til styrkingar staðargróðurs og heftingar á foki og úrrennsli.

Framkvæmdir voru á eftirfarandi 10 jörðum:

- Vallholt og Hrafnkelsstaðir 9,6 tonn af áburði borin á 50 ha.
- Arnheiðarstaðir 3,6 tonn af áburði borin á 14 ha.
- Melar. 7,2 tonn af áburði borin á 23 ha.
- Víðivellir Fremri. 6 tonn af áburði borin á 35 ha.
- Droplaugarstaðir Dreift úr gömlum heyrúllum, sáð 20 kg. af grasfræi og 125 kg. af áburði á 4,0 ha.
- Valþjófsstaður 1,8 tonn af áburði borin á 18 ha.
- Bessastaðagerði 7,2 tonn af áburði borin á 40 ha.
- Eyrarland 5,4 tonn af áburði borin á 17 ha.

Samtals var dreift rúmlega 42 tonnum af áburði og 20 kg af grasfræi á 200 ha. lands. Öll svæðin eru undir 300 m.h.y.s..

Framkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps 2013

